

Tillaga um trjáræktarsvæði fyrir almenning (1905501)

Yfirlit um málið og stöðu þess

23.5.2019 Tillaga lögð fram í bæjarráði.

12.9.2019 Umsögn sviðstjóra, ásamt nánari skýringum, lögð fram og samþykkt í bæjarráði.



Kópavogsbær
 Digranesvegur 1
 200 Kópavogur
 Sími 441 0000
 kopavogur.is

Til bæjarráðs.

Kópavogi, 9. september 2019
1905501/033.03 GGG

1905501-Trjáræktarsvæði fyrir almenning.

Á fundi bæjarráðs 23. maí 2019 lögðu bæjarfulltrúar Samfylkingar, BF Viðreisnar og Pírata fram tillögu um að „Kópavogsbær skilgreini svæði fyrir skógrækt þar sem bæjarbúar geti gróðursett tré til að vinna gegn eigin kolefnisspori og grætt upp örfoka land á sama tíma. Lagt er til að tekið verði frá svæði milli Lækjarbotna og Bláfjallaafleggjara sem er ógróið svæði sem gefur í dag frá sér koltvísýring.“ Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til umsagnar sviðstjóra umhverfissviðs.


Svæðið milli Lækjarbotna og Bláfjallaafleggjara, er innan þjóðlendu og þar er skipulagi frestað í núverandi Aðalskipulagi Kópavogs. Skilgreind skógræktar- og uppgræðslusvæði, svokölluð Landgræðsluskógasvæði, eru aftur á móti í Selfalli og Selhólum í Lækjarbotnum í umsjá Skógræktarfélags Kópavogs skv. samningi. Land þarna er nokkuð erfitt yfirferðar og það hentar því e.t.v. ekki vel til skógræktar.

Í austasta hluta Lækjarbotnlands er skv. aðalskipulagi Kópavogs skilgreint 370 ha. skógræktar- og uppgræðslusvæði. Þetta land er lítt gróið og að hluta ógróið.

Til álita kemur að ca. helmingur svæðisins, 180-190 ha. sitt hvoru megin við línuveg, verði teknir til skógræktar og uppgræðslu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem um er að ræða vatnsverndarsvæði. Þarna yrði almenningi, fyrirtækjum og stofnunum gefinn kostur á að gróðursetja og græða upp land, t.d. með samvinnu Skógræktarfélags Kópavogs. Gera mætti samning við Kolvið um hluta þessa lands til að sjá um kolefnisjöfnun á starfsemi Kópavogsbæjar. Unnið verði að þessum málum í vetur með það að markmiði að framkvæmdir geti hafist á svæðinu vorið 2020.

Jafnframt verði við endurskoðun aðalskipulags Kópavogs sem nú stendur yfir, gerðar tillögur um skógræktar- og uppgræðslusvæði innan þjóðlendu á Lakheiði og Sandskeiði, þar sem skipulagi er frestað á núgildandi aðalskipulagi.

Undirritaður leggur til að þessar hugmyndir verði útfærðar nánar, þ.e. tillaga að svæði til skógræktar og uppgræðslu, mögulegan samning við Kolvið og útfærsla tillagna um skógræktar- og uppgræðslusvæði við endurskoðun aðalskipulags.

Virðingarfyllt,

 Steingrímur Hauksson
 sviðstjóri umhverfissviðs

1905501 – Trjáæktarsvæði fyrir almenning, nánari skýringar við umsögn.

Í aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024, kafla 4.1.10 segir „Lögð verði áhersla á skógrækt í Græna treflinum og í Selfjalli.

Í aðalskipulagi töflu 4. 10 „yfirlit yfir skógræktarsvæði“ eru nánari skýringar:

SK-3 Selfjall. „Sumarið 2009 hófst vinna við skógrækt og uppgræðslu á um 143 ha lands af þeim eru 63 ha Landgræðsluskógasvæði skv. samningi. Unnið var skógræktarskipulag af svæðinu 2002. Árlega hafa verið gróðursettir 10-15.000 trjáplöntur í Selfjalli og stór svæði grædd upp með heyi af opnum svæðum bæjarins.“

SK-4 Lakheiði og nágrenni. Svæðið nær frá núverandi skógræktarsvæði í selfjalli og Waldorfskólareit í suðri og vestri, beitarhólfu við fossvallarétt í norðri og mörkum Lækjarbotnlands að Tvísteinum á Lakheiði í austri og er alls um 370 ha. Ekki hefur verið gert skógræktarskipulag af svæðinu.“



Mynd úr aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Lakheiði, Lækjarbotnar. Skógræktaráætlun (2006460)

- 14.7.2020 Drög að skógræktaráætlun kynnt í umhverfis- og samgöngunefnd.
- 7.9.2020 Drög að skógræktaráætlun kynnt í skipulagsráði sem samþykkir að hún verði send hagsmunaaðilum til umsagnar.
- 7.10.2020 Bréf sent hagsmunaaðilum vegna umsagna um skógræktaráætlun.
- 1.2.2021 Lagðar fyrir skipulagsráð umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Skógræktinni, Landgræðslunni, Forsætisráðuneytinu, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipulagsráð sem vísaði þeim til úrvinnslu umhverfissviðs.
- 2.2.2021 Lagðar fyrir umhverfis- og samgöngunefnd umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Skógræktinni, Landgræðslunni, Forsætisráðuneytinu, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Umhverfis- og samgöngunefnd sem vísaði þeim til úrvinnslu umhverfissviðs og að málið yrði aftur kynnt fyrir nefndinni þegar úrvinnslu umsagna væri lokið.
- 15.3.2021 Minnisblað garðyrkjustjóra dags. 10. mars 2021 lagt fyrir skipulagsráð. Skipulagsráð samþykkti tillögur að breytingum á skógræktaráætlun sem koma til móts við innsendar athugasemdir
- 16.3.2021 Minnisblað garðyrkjustjóra dags. 10. mars 2021 lagt fyrir umhverfis- og samgöngunefnd sem samþykkti tillögurnar.

Tillaga um trjáræktarsvæði fyrir almenning (1905501)

29.3.2021 Lagt fram erindi Bergljótar Kristinsdóttur bæjarfulltrúa þar sem hún óskar eftir tillögum frá garðyrkjustjóra um mögulegar útfærslur á aðkomu almennings og fyrirtækja að gróðursetningu á nýju skógræktarsvæði Kópavogs á Lakheiði til samræmis við tillögu Samfylkingarinnar, BF Viðreisnar og Pírata í bæjarráði frá 23.5.2019 um "Skógræktarsvæði fyrir almenning"

Lagt fram. Vísað til úrvinnslu umhverfissviðs.

17.5.2021 Minnisblað garðyrkjustjóra um stöðu mála o.fl. – drög.

1. Skipulagsferli skógræktarsvæðis á **Lakheiði** er ekki lokið. Ekki er búið að samræma drög að áætluninni þeim breytingum sem samþykktar voru í mars sl. Að þeirri vinnu lokinni þarf áætlunin að fara til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og síðan er gefið út framkvæmdaleyfi af Kópavogsbæ. Gróðursetning á þessu svæði fer því ekki af stað fyrr en í haust eða jafnvel vorið 2022.

2. Á skógræktarsvæðinu í **Selfjalli** hafa nú þegar nokkur félagasamtök fengið reiti til ræktunar. Þetta eru Ferðafélagið Útivist, Lionsklúbburinn Eir, Rótarýklúbburinn Borgir, Kiwanisklúbburinn Eldey o.fl.

29. maí nk. verður íbúum boðið á staðinn til að taka þátt í sáningu birkifræja sem söfnuðust á höfuðborgarsvæðinu sl. haust í áttakinu birkiskógur (sjá www.birkiskogur.is) á vegum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs, Kópavogsbæ og fjölda annarra aðila. Fyrirkomulag birkisáningardagurinn 29. maí verður kynntur betur á næstunni.

3. Á **Vatnsendaheiði**, í nágrenni Guðmundarlundar, er 100 ha skógræktarsvæði sem aðallega var gróðursett í árunum 1994-2005. Ekki er fullplantað í svæðið og hefur komið upp sú hugmynd að gefa almenningi tækifæri á að gróðursetja tré þarna til kolefnisbindingar.

26. júní nk. verður í Guðmundarlundi haldinn viðburðurinn „Líf í lundi“ á vegum Skógræktarfélag Kópavogs, en það er árlegur útivistar- og fjölskyldudagur í skógum landsins, þar sem almenningur er hvattur til þess að stunda hreyfingu, samveru og upplifa skóga og náttúru landsins. Skemmtilegt væri að hafa gróðursetningu sem hluta þess sem boðið verður upp á þennan dag. Fyrirkomulagið gæti t.d. verið þannig að fólk skrái sig fyrirfram til þátttöku hjá Skógræktarfélaginu. Síðan yrði gengið frá Guðmundarlundi út á heiðina þar sem plöntur og verkfæri bíða og fólk fengi síðan leiðbeiningar. Hugsanlegt er að hafa þetta 2-3 sinnum yfir daginn ef áhugi á þátttöku er mikill. Að lokinni gróðursetningu yrði haldið aftur í Guðmundarlund og þegnar veitingar og tekið þátt í fjölbreyttri fjölskyldudagskrá.

Þó þessir tveir viðburðir feli báðir í sér þátttöku almennings í útbreiðslu skóga og uppgræðslu lands þarf að huga að öðru fyrirkomulagi til lengri tíma, þegar farið verður í svæðið á Lakheiði. Í umsögninni sem samþykkt var haustið 2019 er nefnt að íbúum, fyrirtækjum og stofnunum verði gefinn kostur á gróðursetningu og uppgræðslu lands til að vinna gegn eigin kolefnisspori. Gert er ráð fyrir að um samvinnuverkefni við Skógræktarfélag Kópavogs (Skóg.Kóp.) sé að ræða. Ýmiskonar útfærslur er hægt að hugsa sér í þessum efnum og hér er ein þeirra:

Fjölskylda/fyrirtæki/stofnun vill kolefnisjafna ferðir sínar með gróðursetningu trjáa. Hvernig?

Haft er samband við Skóg.Kóp. og gefinn er upp fjöldi bíla á heimilinu/fyrirtækinu/stofnuninni, eldsneytiseyðsla þeirra og árlegur akstur. Einnig áætlaðar flugferðir fjölskyldumeðlima/starfsmanna ásamt vegalengdum. Þetta umreiknar Skóg.Kóp. yfir í fjölda gróðursettra trjáa skv. reiknivél sem finna má á www.kolvidur.is. Síðan gæti verið hægt að velja um:

- A. Fjölskyldan/fyrirtækið/stofnunin útvegar trén sjálf (skv. leiðbeiningum Skóg.Kóp.), þau mæta á ákveðnum gróðursetningardegi og planta trjánum.
- B. Skóg.Kóp. útvegar fjölskyldunni/fyrirtækinu/stofnuninni tré gegn greiðslu, þau mæta á ákveðnum gróðursetningardegi og planta trjánum.
- C. Skóg.Kóp. útvegar fjölskyldunni/fyrirtækinu/stofnuninni tré gegn greiðslu og plantar í þeirra nafni, einnig gegn greiðslu.

Leiðir A og B fela í sér að einhverskonar umsjón eða eftirlit og þyrfti einhver að vera á staðnum meðan plantað er. Einfaldast er að bjóða upp á ákveðna gróðursetningardaga, t.d. laugardaga í júní og september eða einn eftirmiðdag í viku.

Veglegt viðurkenningarskjal, útgefið af Skóg.Kóp., gæti verið lokapunkturinn í hverri þessara þriggja leiða sem valin yrði. Þetta væri staðfesting að þetta mörgum trjám hafi verið plantað en er ekki vottun.

Þessa útfærslu eða aðrar mætti útfæra betur og kynna með það að markmiði að hægt verði að taka við þöntunum næsta vetur og hefja gróðursetningu á Lakheiði í Lækjarbotnum vorið 2022.

17. maí 2021,

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar